STJÓRNARTÍÐINDI B 116 – 1999

21. desember 1999 2619 Nr. 856

# AUGLÝSING

**um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2000.**

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og hlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2000 verður 26,41%. Meðalútsvar á árinu 2000, samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðunum sveitarstjórna, verður 11,96%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2000 verður því 38,37%.

*Fjármálaráðuneytinu, 21. desember 1999.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Maríanna Jónasdóttir.*